

Nd.

637. Breytingartillögur

við frv. til l. um kirkju- og manntalsbækur (sálnaregistor).

Frá Sveinbirni Högnasyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Í hverju prestakalli skal sóknarprestur færa kirkjubók (ministerialbók) og manntalsbók (sálnaregistor) fyrir allt prestakallið, og varðveitir prestur þær. Bækur þessar skal rita greinilega og án nokkurrar undanfellingar. Um hver áramót skal taka samrit af bókunum fyrir næstliðið ár og senda þjóðskjalasafninu til afnota og varðveizlu. Þar, sem héraðsbókasafn er starfandi, er því heimilt að láta jafnhliða taka samrit fyrir sig af embættisbókum þessum — og getur annað hvort samið um það við sóknarprest, að hann geri það, eða fengið annan til að gera það.

2. Við 2. gr. Á eftir orðunum: „úr vönduðum pappír“ komi: og eyðublöðum til að taka samrit af þeim.

3. Við 3. gr. Í stað tveggja fyrstu málsgreinanna komi ein málsgrein, svo hljóðandi:

Kirkjubækur sóknarpresta skulu geymdar á prestssetrinu, og skal kirkjustjórnin sjá um, að örugg geymsla sé fyrir hendi til að varðveita þær gegn skemmdum eða bruna. Þegar 50 ár eru liðin, frá því að bækurnar voru fullritaðar, skal þjóðskjalasafninu heimilt að kalla þær inn og taka þær til varðveizlu, enda afhendi það þá samtímis bókasafni prestakallsins samrit þau, er það hafði áður fengið af viðkomandi bók.